

## INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 3. nóvember 2022 var haldinn 91. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal, 4. hæð Borgartúni 12-14 og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Jórunn Pála Jónasdóttir. Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson og Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir sátu fundinn í fundarsal. Elín Hrefna Ólafsdóttir frá borgarlögmanni sat fundinn með fjarfundarbúnaði. Guðbjörg Matthíasdóttir lögfræðingur frá innkaupaskrifstofu sat fundinn og var jafnframt fundarritari.

### Þetta gerðist:

1. Útboð nr. 15663 Hleðslustöðvar í bílastæðahús  
Lagt fram bréf skrifstofu framkvæmda og viðhalds, umhverfis- og skipulagssviði dags. 27. október 2022, merkt USK22100086, útboð nr. 15663 „Hleðslustöðvar í bílastæðahús“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Orku náttúrunnar ohf. að fjárhæð kr. 19.383.178,-

Samþykkt

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

2. Útboð nr. 15666 Austurheiðar útivistarsvæði 2022 - Áfangi 2  
Lagt fram bréf skrifstofu framkvæmda og viðhalds, umhverfis- og skipulagssviði dags. 27. október 2022, merkt USK22040050, útboð nr. 15666 „Austurheiðar útivistarsvæði 2022 - Áfangi 2“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er Stéttarfélagið ehf. að fjárhæð kr. 58.668.000,-

Samþykkt

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

3. Útboð nr. 15665 LED væðing – Útskipting lampa.  
Lagt fram bréf skrifstofu framkvæmda og viðhalds, umhverfis- og skipulagssviði dags. 27. október 2022, merkt USK22030047, útboð nr. 15665 „LED væðing – Útskipting lampa“. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er Bergraf ehf. að fjárhæð kr. 30.506.055,-

Samþykkt

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti undir þessum fundarlið.

4. Útboð nr. 15581 – Atlassian Service Provider for the City of Reykjavík  
Lagt fram erindi stoð og tækniþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 31. október 2022, merkt PON22090073, útboð nr. 15581 – Atlassian Service Provider for the City of Reykjavík. Lagt er til að gengið verði að lægsta gilda tilboði sem er frá Adaptavist UK Services Ltd. af fjárhæð 609.450,- EUR. (87.620.626,- kr.)

Samþykkt

Kjartan Kjartansson, Snædís Kjartansdóttir og Sæþór Sæþórsson taka sæti undir þessum fundarlið.

5. Útboð nr. 15591 Innkaup - leikskólahúsgögn - viðar  
Lagt fram bréf skrifstofu fagstofu leikskóla, skóla og frístundasviði dags. 28. október 2022, merkt FAS22070012, útboð nr. 15591 Innkaup - leikskólahúsgögn - viðar . Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lægsta gilda tilboði sem er frá Krummu ehf. að fjárhæð kr. 21.609.854,-

Samþykkt

Ólafur Brynjar Bjarkason tekur sæti undir þessum fundarlið

**Fundi slitið kl. 13:38**

Hjálmar Sveinsson

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir  
Pawel Bartoszek

Jórunn Pála Jónasdóttir